

# Klínískar leiðbeiningar

## Vinnuhópar á vegum landlæknisembættisins

Eins og fram kom í síðasta Læknablaði hefur landlæknisembættið virkjað fjölda lækna til þess að setja saman klínískar leiðbeiningar um viðbrögð við og meðhöndlun ýmissa sjúkdóma. Hér fer á eftir listi yfir starfshópana sem skipaðir hafa verið. Þeir sem áhuga hafa á að fylgjast með starfi hópanna geta snúið sér til embættisins með því að fara inn á heimasíðu þess en slóðin þang-að er: <http://www.landlaeknir.is>

### Stýrihópur

Ari Jóhannesson, Haukur Valdimarsson, Inga Arnardóttir, Magnús Jóhannesson, Óttar Bergmann, Runólfur Pálsson, Sigurður Guðmundsson, Sigurður Ólafsson, Sveinn Magnússon

### Vinnuhópar

#### Skimun fyrir ristilkrabbameini

Ásgeir Theodórs, Sigurður Ólafsson, Jón St. Jónsson, Friðbjörn Sigurðsson, Nick Cariglia, Tryggvi R. Stefánsson

#### Steraorsökud beinþynning

Björn Guðbrandsson, Friðrið Vagn Guðjónsson, Ingvar Teitsson

#### Buprenorphine

Guðbjörn Björnsson, Matthías Halldórs-son, Erla Axelsdóttir, Þórarinn Tyrfingsson, Þórður G. Ólafsson

#### Offita

Þorkell Guðbrandsson, Ludvig Guðmundsson, Gunnar Valtýsson

#### Myndgreining

Ásmundur Brekkan, Haukur Valdimarsson, Eyþór Björgvinsson, Halldór Benediktsson, Ólafur Kjartansson

#### Háprýstingur – forvarnir hjarta- og æðasjúkdóma

Jón Högnason, Ragnar Danielsen, Þorkell Guðbrandsson, Emil L. Sigurðsson, Gunnar Sigurðsson, Jóhann Ágúst Sigurðsson, Guðmundur Þorgeirsson, Sigurður Helgason

#### Ætisár í maga – Upprætingarmedferð – Vélindisbakflæði GERD

Ásgeir Böðvarsson, Sigurbjörn Birgisson, Björn Blöndal, Marta Lárusdóttir

#### Punglyndi

Kristinn Tómasson, Þórður Sigmundsson, Jens Magnússon, Þórarinn Hrafn Harðarson, Jón Eyjólfur Jónsson

#### Neyðargetnaðarvörn

Ósk Ingvarsdóttir, Reynir T. Geirsson, Hjördís Harðardóttir, Anna B. Aradóttir, Sóley S. Bender, Sigurður Helgason, Steingerður Sigurbjörnsdóttir

#### Barnalækningar

##### Astmi

Sigurður Kristjánsson

##### Eyrnabólga

Þórólfur Guðnason, Friðrik Guðbrandsson, Vilhjálmur A. Arason

##### Kinnholubólga

Þórólfur Guðnason, Friðrik Guðbrandsson, Vilhjálmur A. Arason


##### Bráður niðurgangur

Lúther Sigurðsson

##### Hitalækkandi meðferð

Þéður Lúðvíksson

Eitt spjaldanna af sýningunni sem nú hangir uppi í anddyri K-byggingar Landspítala Hringbraut.



## Sjúkraflug með miðstöð á Akureyri boðið út

■ HÉR Í BLAÐINU VAR Í FYRRA fjallað um þá hugmynd að staðsetja sjúkraflugvél á Akureyri sem gæti þjónað landsbyggðinni. Nú hefur heilbrigðismálaráðherra ákveðið að bjóða út sjúkraflug í landinu og er það gert í samvinnu við Samgöngumálaráðuneytið. Jafnframt því hefur ráðherra ákveðið að miðstöð sjúkraflugsins verði á Akureyri og styðst sú ákvörðun við úttekt sem ráðuneytið lét gera á sjúkraflugi í landinu.

## Sýning á lækni- og fornmannum

■ Í ANDDYRI K-BYGGINGAR Landspítala Hringbraut hefur verið komið fyrir sýningu sem nefnist **Sjúkdómar og lækningar að fornu**. Þar er fjallað um lækningar til forna, hverjir stunduðu þær og átrúnað af ýmsu tagi sem tengdist þeim. Einnig er fjallað um lagaákvæði sem tengjast heilbrigðismálum.

Sýningin er þannig uppbyggð að spjöld hafa verið hengd á veggum anddyrisins þar sem á eru textar úr bók Sigurðar Samúelssonar læknis, *Sjúkdómar og dánarmein íslenskra fornmannanna*. Á hverju veggspjaldi er svo teiknuð mynd eða myndir sem Halla Bjartmars Arnardóttir myndlistarkona hefur gert. Auk þessa eru sýnd gömul lækningaáhöld, svo sem blóðtökuhnifar og brennslujárn og munir úr kumlum sem varðveittir eru á Þjóðminjasafni Íslands.

Að þessari sýningu standa Landspítali háskólasjúkrahús, Neststofusafn og Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000. Verður hún opin í K-byggingunni til 30. júní en eftir það er fyrirhugað að setja hana upp á sjúkrahúsum og byggðasöfnum víða um land.

Í tengslum við sýninguna hélt Hafsteinn Sæmundsson læknir erindi um Hrafn Sveinbjarnarson lækni og héraðshöfðingja. Hrafn var uppi á 12. og 13. öld og bjó að Eyri í Arnarfirði. Hann er talinn fyrsti menntaði læknir á Íslandi og fara af lækni- og fornmannsögur.